

Aðalfundur foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla haldin 7. maí 2024 kl 18:00 á kaffistofu kennara.

Mætt eru Katla Rut Pétursdóttir, Elísabet Maren Guðjónsdóttir, Óli Már Eggertsson, Elvar Snær Kristjánsson, Þórunn Hrund Óladóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sigurveig Gísladóttir, Oddný Björk Harðardóttir, Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir og Sigríður Rún Tryggvadóttir sem ritar fundargerð.

1. Kosning fundarstjóra. Tillaga um Elvar Snæ Kristjánsson samþykkt samhljóða með lófataki. Tillaga að ritara Sigríður Rún sömuleiðis.
2. Skýrsla foreldrafélags: Hanna Christel les skýrslu stjórnar- Elfa gerir betur grein fyrir erindinu sem var sent til Múlaþings varðandi Herðubreið, ástandið á húsinu, leka og hvort það sé beinlínis heilsuspillandi. Steingrímur hjá Múlaþingi tók vel í erindið og tók ábendingum alvarlega. Þetta er í skoðun.

#### **Umræður um skýrslu;**

**Jólafröndur;** Þórunn bendir á að 8.-9.bekkur/Dk hópurinn hafi séð um veitingarnar (fjáröflun fyrir þau). Verður bætt inn í skýrslu.

Í desember er mikil dagskrá, á jólafröndrið að vera fyrir- lok nóvember? Eða fyrir hrekkjavökuna/fyrir páskana. Að hafa viðburð í miðri viku er jákvætt, meira að gera um helgar. Var mjög vel heppnað og þátttaka góð.

**Páskakanína** fyrir 5.-10. Bekk. Páskaeggjaleit fyrir yngri, páskakanína fyrir 5-10. Bekk. Ekkert í boði fyrir 1.-4. Bekk, ekkert ákveðið, leggja það í hendur foreldra á yngsta stigi, ræða það snemma næsta vor.

3. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar: Elfa kynnir. Hagnaður ársins var 16.574kr. Staðan á reikningum er 309.961 kr það eru engir koðunarmenn reikninga, erum á kennitölu skólans; stendur ekkert um það í lögum félagsins. Samþykktir samhljóða.
4. Félagsgjöld ákveðin: eru 2500kr auk seðilgjalds. Tillaga stjórnar að halda þeim óbreyttum. Samþykkt samhljóða.
5. Stjórnarkjör: Oddný gengur úr stjórn, henni þökkun vel unnin störf með lófataki. Sigurveig verður aðalmaður og Óli Már Eggertsson kemur inn sem aðalmaður. Og Kristinn Már Jóhannesson er varamaður. Lófatak.
6. Tillaga að lagabreytingum:
  - Nafni félagsins breytt úr „foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla“ í „foreldrafélag grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla“.
  - b liður 5. gr: „Foreldrafélagið sér um að manna 2 fulltrúa foreldra í skólaráð og þriðja mann úr grenndarsamfélaginu“. Tillagan var: „Foreldrafélagið sér um að manna 1 fulltrúa.“
  - Einnig fella brott c lið. c) Stjórn foreldrafélagsins tilnefnir fulltrúa foreldra í fræðslumálanefnd.

Lagabreytingatillögur þessar voru lagðar fram sem afbrigði við fundardagskrá á aðalfundi 2. maí 2023, þar sem þær voru ekki kynntar fyrir fundinn. Breytingarnar eru ekki á eðli eða starfssemi heldur tengjast þær sameiningu skólastiga, (gr 1 nafnabreyting) og sameiningu sveitafélaga með tilheyrandi breytingum í stjórnslu, (gr. 5b og 5c datt út.)

Samþykkt – formsatriði.

## 7. Önnur mál:

Katla getur þess að það sé hægt að húa í hana þegar á þarf að halda.

Fræðsla hugmyndir; hvern við fáum? Ekki bara hver sem er? Einhver sem nær til barnanna. Eða foreldranna.

Rætt um fyrirkomulagið í skólahjúkrun. Hvernig umhverfið hefur breyst. Hvar fer skoðunin fram?

Hvernig er Áheyrnarfulltrúi í Fjölskylduráði Múlapings fyrir leikskólann og grunnskólann valinn. Látið rótera á milli bæjarkjarna. Hvernig gengur að finna fulltrúa. M.a. að fara yfir skóladagatalið. Hver er áheyrnarfulltrúi núna. Skóladagatalið rætt inni í skólaráði hvers skóla fyrir sig. Er málsvari. Erna Rut er núna áheyrnarfulltrúi fyrir leikskólann. Fulltrúi kennara er Arna Magnúsdóttir. Væri fínt ef foreldrafélagið myndi kynna Heimlii og skóla, hlutverk fjölskylduráðs, leiðir sem á að fara með mál og þess háttar á haustfundum bekkjanna. Er það ábyrgð foreldrafélagsins að kynna það? Eða er það ábyrgð foreldra almennt að kynna sér það?

Fundi slitið 18.51